

## Hvað þarf til að aflétta höftunum?

Fundarstjóri – ágætu fundarmenn

Ég vil þakka SA fyrir að fá tækifæri til að leggja orð í belg í þessu mikilvæga máli hér í dag og ég vil líka þakka þeim fyrir þeirra innlegg í málið og þrotlausu baráttu fyrir heilbrigðu atvinnulífi hér í landi.

Það voru þung skref að ganga inn í sal Alþingis í nóvember 2008 og greiða atkvæði með því að hér yrðu lögð á gjaldeyrishöft. Við reyndum öll að sannfæra okkur um að þetta væri tímabundin aðgerð – að við værum að bregðast við neyðarástandi – við munum auðvitað öll hvers konar öngþveiti var hér á haustmánuðum 2008. En þrátt fyrir öll góðu fyrirheitin og trúinna á það að höftin yrðu sett á um skamma hríð – glumdi í eyrum mínum viðvörunarorð gesta úr nefndinni þá um nóttina – símtöl frá fólki úti í bæ sem mundi tímana tvenna og hreinlega trúði ekki sínum eigin eyrum..... og þar með óttinn við að höftin hjá okkur núna yrðu eins og þá – um leið og þau væru komin inn fyrir með litlu tánna væri þess ekki langt að bíða að fóturinn væri allur kominn inn fyrir með tilheyrandi framlengingu og herðingu hafta.

Og við höfum haldið áfram að fara áfturábak síðan þá. Nú, þessa dagana, er enn eitt málið í þinginu þar sem lagðar eru til frekari aðgerðir til að herða höftin. Það kemur svo sem ekkert á óvart að það þurfi að framfylgja þessari haftastefnu og að nauðsynlegt sé að þau leki ekki – en við hljótum að spyrja okkur hvenær er of langt gengið. Það er einnig ótrúverðugt að á sama tíma og stjórnvöld halda þeirri stefnu á lofti að aflétta eigi höftunum er stöðugt verið að breyta reglum til að herða þau og þar með festa þau í sessi. Þetta er mótsagnakennt og því miður ekki til þess fallið að auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs. Þá má ekki gleyma því, almenningur verður stöðugt varari við tilvist haftanna og reglurnar í sumum tilvikum komnar býsna innarlega að persónu fólks.

Við skulum ekki láta það henda okkur að landsmenn venjist höftum og skömmunarseðlum heldur snúa þessu við áður en þjóðfélagið dofnar gagnvart þessari þróun.

Það er grunnforsenda fyrir að skapa hér hraust atvinnulíf og heilbrigt efnahagssumhverfi að losna við þessi höft – það á að vera sameiginlegt verkefni okkar. Um það hljótum við að vera sammála.

Ég ætla að hlífa ykkur við því að fara að þylja upp að höftin væru löngu farin ef við værum við stjórnartaumana – ef tímasetning efnahagsáætlunarinnar sem við lögðum upp með ásamt Samfylkingunni og í samstarfi við AGS hefði gengið eftir - ég ætla að sleppa því hér.

Í staðinn langar mig í þessu litla erindi að velta upp hlutverki Alþingis og reyndar ábyrgð Alþingis í þessu máli.

Það er mjög mörg ágreiningsefni uppi í þinginu núna og satt að segja hefur verið nánast viðvarandi ágreiningur allt þetta kjörtímabil. Við höfum verið að takast á um ESB, stjórnarskrármál, landsdómsmál, kvótamál og núna er rammaáætlun framundan. Um öll þessi mál – reyndar er ástæða til að taka landsdómsmálið út fyrir enda allt öðru vísi en öll önnur þingmál – hefur verið mikill pólitískur ágreiningur. Það er nánast orðið þannig að átök eru hið eðlilega ástand á Alþingi. Þessi staða er ekki boðleg fyrir okkur – hvorki til lengri né skemmri tíma. Og víst er, að til þess að ráða fram úr grundvallarúrlausarefnum – eins og afnám hafta er – verður að skapa skilyrði og traust og það á ekki síst við á Alþingi.

Sannleikurinn er sá að umræða um skaðsemi gjaldeyrishafta er afar lítil á þinginu. Að sama skapi er alls ekki djúp umræða um hvaða leiðir eru skynsamlegastar til að losa okkur undan höftunum. Ég get reyndar fallist á það, að við útfærslu á afnámi gjaldeyrishafta eigum við að stóla á okkar færustu sérfræðinga – en Alþingi getur að sjálfsögðu stutt þar við og þá að gera það. Einnig getur Alþingi í miklu meira mæli skapað aðstæður og veitt stjórnvöldum aðhald í því að ráðast á hallarekstur ríkissjóðs, ýtt undir erlendar fjárfestingar og

stutt betur við peningastefnuna. Allt þetta er liður í undirbúningi þess að hægt sé að ýta höftum út.

### Skaðsemi haftanna

Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hversu umfangsmikil skaðsemi haftanna hafa reynst atvinnulífinu hér – hver getur sagt til um hvað glötuð tækifæri kosta? - enginn. Það hafa þó verið skrifaðar ágætar skýrslur um þetta efni, bæði hér á vettvangi SA og Viðskiptaráðs þar sem skaðsemi þeirra er tíunduð. ASÍ hefur einnig varað mjög við því að höftin verði viðvarandi og bent á neikvæð áhrif þeirra á atvinnulífið. Og Seðlabanki Íslands hefur einnig reglulega minnt á að gjaldeyrishöft mega aðeins vera hér tímabundið enda eru þau þar að auki brot á alþjóðlegum skuldbindingum. Kauphöll Íslands hefur og haldið uppi kröftugum mótmælum við höftum og bent á hversu alvarlegar afleiðingar þau hafa á kauphallarstarfsemi hér - nú síðast skilaði Kauphöllin afdráttarlausri umsögn um fyrirhugaða herðingu haftanna. Við getum því sagt að það sé verulegur samhljómur í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að komast út úr þessum ógöngum.

Þá hlýtur spurningin að vera sú, erum við með rétta stefnu?

Gengur hún eðlilega fram?

Er hún raunsæ - eða er Seðlabanki Íslands of varfærin?

Er trúverðugt að herða höftin stanslaus á sama tíma og áætlun um afnám þeirra er sett fram?

Eru skýr skilaboð frá ríkisstjórn um að þetta sé forgangsattriði?

Eða á spurningin kannski frekar að vera þessi, hvað er mikilvægasta verkefni stjórnvalda á sviði efnahagsmála?

Það blasir við, að ekkert eitt verkefni skiptir meira máli fyrir okkur en að frelsa okkur undan haftastefnu. Að hleypa súrefni aftur inn í efnahagslífið og senda þau

skilaboð til erlendra fjárfesta að hér sé hægt að byggja upp traust og góð fyrirtæki.

Við þurfum hins vegar að gæta að jafnvægi milli varfærinna og róttækra sjónarmiða þegar kemur að afléttingu haftanna. Sumir halda því fram að við eigum bara að kippa plástrinum af – aðrir vilja taka varfærin skref og ég halla ekki réttu máli með því að halda því fram að Seðlabankinn sé í forystu varfærnu sjónarmiðanna. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð hafa lagt áherslu á að áætlunin verði tímasett og sett fram athyglisverðar leiðir til afnáms haftanna. Það er skylda okkar að leggja vel við hlustir þegar slíkar hugmyndir eru settar fram. Allar mótvægisáðgerðir eru ætlaðar til að draga úr óróa á gjaldeyrismarkaði og gjaldeyriskreppu með tilheyrandi áhrifum á gengi krónunnar, verðbólguna og svo áfram á stöðu atvinnulífsins. Það er skynsamlegt að halda þessum atriðum vel til haga þegar sett er fram tímasett áætlun um afnám haftanna því mikilvægi mótvægisáðgerða er verulegt.

Ég vil í því sambandi draga sérstaklega fram stöðu heimilanna. Það er að verða dálítið úr sér gengin umræða að líta á vanda heimilanna sem afmarkað mengi – að hægt sé að leysa þann vanda sem víða er umtalsverður alveg án tillits til stöðu efnahagsmála almennt. En hitt er einnig jafn víst, að við gerð áætlunar um afnám haftanna verður að huga sérstaklega að því hvort hægt sé að grípa til mótvægisáðgerða vegna verðtryggðra lána heimilanna. Ég er sannfærð um að það mun einnig hjálpa til í þeim ólgusjó sem við kunnum að lenda í fyrst eftir afnám þeirra.

Ágætu fundarmenn

Ýmis teikn eru á lofti um áframahaldandi hættur í efnahagslífinu. Það er viðvarandi óvissa um fjárfestingu í landinu, veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af þróun ríkisfjármála og stöðugur þrýstingur er á lífeyrissjóðina og um skattaálögur og auknar byrðar. Því til viðbótar er ágreiningur á pólitíska sviðinu um framtíð peningastefnunnar og gjaldmiðilinn. Víst er, að sá ágreiningur verður ekki til lykta leiddur á næstu mánuðum og þá vaknar sú spurning hvort

það eigi að verða forsenda þess að höftum sé aflétt að framtíðarstefna peningamála liggi fyrir. Sé hægt að ná samstöðu um að forgangsatridi hér sé að ýta höftunum út hlýtur það að vera sameiginlegt verkefni að tryggja raunhæfa áætlun um að svo megi verða – raunhæfa tímasetta áætlun. Í því sambandi verður hreinlega að horfast í augu við það að það er óraunhæft að einhvers konar ” peningastefna framtíðarinnar” verði til taks og tilbúin til að leysa þetta verkefni og það næstum að sjálfu sér. Það verður hreinlega að leggja þá umræðu til hliðar. Miklu nær er að gera sér grein fyrir því að peningastefnan á að vera dínámísk og í undir stöðugu endurmati og það á einnig við í því umhverfi sem við búum við með íslensku krónuna.

Hitt atridið sem við hljótum að spyrja okkur að, og er það sem ég hef verið að ýja að hér í þessu erindi – eru hreinlega pólitísku skilyrðin. Við vitum að ríkisstjórnin er með forræði á málinu og Seðlabanki með framkvæmdina.

Spurningin er þá hvort afnám gjaldeyrishaftanna sé of umfangsmikið verkefni fyrir veikburða ríkisstjórn?

Ég held því fram að forgangsröðun í efnahagsmálum hér sé kolröng og ágreiningur á hinu pólitíska sviði svo umfangsmikill að það hann er að verða að sjálfstæðu efnahagslegu vandamáli. Að sama skapi er það mitt hlutverk og hans Árna Páls líka að sporna við þessari þróun og setja á dagskrá mál sem hafa þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

Ég tel að afnám haftanna sé slíkt grundvallaratriði að það sé skylda okkar í þinginu að styðja við afnám þeirra eins og frekast er kostur. Ég segi fyrir mig að það væri til einhvers unnið ef við næðum samstöðu um þetta mál hið allra fyrsta. Hér þarf miklu meira átak en einfaldan þingmeiri hluta. Hér þarf að nást sátt um stefnu til hagsbóta fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf til langs tíma. Til þess að sú sátt náist þarf að draga að borðinu ólíka aðila, fulltrúa atvinnulífs og launþega, stjórnvalda og stjórnmalaflokka. Allt frá því að höftin voru lögð á hafa aðilar vinnumarkaðarins lagt gott til og haft afnám þeirra á dagskrá og talað fyrir

frekari leiðum til afnáms þeirra. Þar hefur mér fundist vera skilningur fyrir því viðkvæma verkefni sem Seðlabankinn stendur frammi fyrir.

Ég hef hér beint sjónum mínum að Alþingi og hlutverki þess. Það eru ákveðin grundvallarmál í hverju þjóðfélagi sem er af slíkri stærðargráðu að samstöðu er þörf. Það koma líka tímar sem nauðsynlegt er að leggja ágreining til hliðar og sameinast um þau grundvallarmál. Framtíðarskipan efnahagsmála þjóðarinnar er grundvallarmál. Sú sýn að búa okkur haftalausá framtíð er grundvallarmál. Við getum tekist á um áherslur í orkunýtingu og skattastefnu – við getum skipst á skoðunum um hvaða forsendur ríkisbúskapar og hversu langt ríkið á að seilast inn á markaði sem einkaaðilar ættu – að mínu viti – að hafa forræði. Um það er eðlilegt að sé pólitískur ágreiningur og ég er tilbúin að eiga þá rökræðu hvar og hvenær sem er. En tel það sé til mikils að vinna að við leitum eftir samstöðu um að tryggja samkeppnishæfi Íslendinga og skapa hér skilyrði til að lífskjarasókn geti hafist að nýju. Haftabúskapur er dragbýtur á slíkri lífskjarasókn og honum verðum við að sameinast um að hafna.

Ég rak augun í það þegar ég undirbjó mig fyrir þennan fund að það var líka kvartað yfir því hér á síðustu öld að Alþingi sat um of hjá í umræðunni um afnám haftanna. Við skulum ekki láta það henda okkur aftur – við verðum að losa okkur út úr þessu og það verður að ýta öðrum ágreiningi til hliðar svo það megi nást.